

**Ed.**

**191. Nefndarátt**

um frv. til laga um skipströnd og vogrek.

Frá allsherjarnefnd.

Núgildandi strandlög eru frá 14. janúar 1876 og því nú 50 ára gömul. Er því engin furða, þótt margt í þeim sje orðið úrelt og eigi ekki við nú á tímum. Neðri deild Alþingis 1925 skoraði því á stjórnina að endurskoða lagafyrirmælin um skipströnd og leggja fyrir Alþingi frv. um þetta efni. Hefir hæstv. stjórn nú orðið við þessari áskorun og lagt ofangreint frv. fyrir Alþingi. En jafnframt lagafyrirmælunum um skipströnd hefir stjórnin tekið til endurskoðunar löggjöfina um vogrek, og var á því hin brúnasta þörf, því bæði er það, að þau lagafyrirmæli, sem um vogrek gilda, eru miklu eldri en strandlögin, og svo hitt, að þau hafa jafnan verið óskýr og ófullkomin.

Nefndin hefir athugað hið fyrirbyggjandi frv. á mörgum fundum og borið hin einstöku ákvæði þess saman við núgildandi ákvæði um sama efni. Verður nefndin að telja frv. mjög vel samið og ákvæði þess yfirleitt skýr og hentug, og leyfir sjer því að leggja það til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi smábreytingum og leiðrjettingum, sem gerð verður grein fyrir í framsögunni, að svo miklu leyti, er þurfa þykir.

**BREYTINGARTILLÖGUR**

vorar eru þessar:

1. Við 5. gr. 2. málsg.
  - a. Orðin »yfir skipbrotsmönnum« falli burtu.
  - b. Í stað orðanna »Sjóferðapróf . . . . ekki að halda« komi: Sjóferðapróf og staðfesting skýrslu þarf þó ekki að fara fram.

2. Við 12. gr. 3. málsg.
 

Á eftir orðunum »er í stað hans kemur« komi: ef hægt er að gera honum bókunina skiljanlega.
3. Við 18. gr. 1. málsg.
 

Í stað »farningu« komi: flutningi.
4. Við 19. gr.
 

Í stað orðanna »fær hann þó aðeins ferðakostnað og lögmælt sölulaun« í endi 1. málsg. komi: fær hann lögmælt sölulaun í stað fæðispeninga.
5. Við 21. gr.
 

Í stað »1., 3., 6., 9. og 11. gr.« komi: 1., 3., 6., 9., 10. og 11. gr.
6. Við 22. gr. Byrjun greinarinnar orðist svo: Það er vogrek, er mannlaust skip o. s. frv.
7. Við 23. gr.
  - a. Í stað orðsins »neyslumaður« komi: notandi.
  - b. A undan orðunum »glöggva lýsingu« síðast í greininni komi: í tje.
8. Við 24. gr.
 

Í stað orðanna »enda sendir dómsmálaráðuneytið eitt eintak af auglýsingunni hverjum fyrirvarsmanni annara ríkja hjer á landi« komi: enda sendir dómsmálaráðuneytið fyrirvarsmönnum annara ríkja hjer á landi eintak af auglýsingunni.
9. Við 25. gr.
 

Í stað orðanna í 3. málsg. »ólöglega hafi með málið farið« komi: ólöglega hafi verið með málið farið.
10. Við 28. gr.
 

Í stað orðanna »4 ár eða lengur« komi: 2 ár eða lengur, frá því að eigandinn leiddi sig að því, ef svo hefir verið.
11. Við 33. gr.
 

Síðari málsgreinin orðist svo:  
Með mál út af brotum gegn ákvæðum laga þessara skal farið sem með almenn lögreglumál, nema sakamálameðferð skuli beitt.

Alþingi, 22. mars 1926.

Jóh. Jóhannesson,  
form. og frsm.

Eggert Pálsson,  
fundaskrifari.

Guðm. Ólafsson.